

Nd.

135. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Samkvæmt lögum nr. 18, 9. júlí 1909 geldur hver kennari, sem ráðinn er samkvæmt fræðslulögunum, tiltekið hundraðsgjald af launum sínum í styrktarsjóð barnakennara. Verði hann styrks þurfi og fylli að öðru leyti lögtiltekin skilyrði, getur hann gert sjer von um litilsháttar styrk sjálfum sjer til handa, en *ekkj*u hans og eftirlátnum *börnum má engan* styrk veita, hversu sár sem þörf þeirra er, og hversu mikið gjald sem hinn látni kennari kann að hafa goldið til sjóðsins. Sjóðnum stýrir 3 manna nefnd, allir beint eða óbeint tilnefndir af stjórnarráðinu. Sjóðurinn fær 1000 kr. árgjald úr landssjóði.

Auk landssjóðs árgjaldsins nýtur sjóðurinn nú 1469 kr. 80 aura hundraðsgjalds frá gjaldskyldum kennurum. Af þeirri upphæð koma 1084 kr. 19 aur. á kennara við fasta skóla og 385 kr. 61 eyrir á farkennara. Gjaldskyldir kennarar eru alls 295, 121 skólakennarar og 174 farkennarar. Fyrst um sinn má ekki verja til styrkveitinga meira en *vöxtum* sjóðsins, og er því bert að ekki getur komið mikil fúlga á mann.

Frumvarpið miðar til breytinga á framantöldum 3 atriðum, og eru nefndarmenn allir sammála um, að þær sju sanngjarnar og í sjálfu sjer eftirsóknarverðar, enda mælir formaður kennarafjelagsins, umsjónarmaður fræðslumálanna, með þeim, en undir stjórn kennarafjelagsins hefir frumvarpið ekki orðið borið, sökum fjarvistar ýmsra stjórnenda.

Meiri hluti nefndarinnar ræður og deildinni til að fallast á frumvarpið, þó með þeirri

BREYTINGU

á 3. gr., að í stað orðanna: »kemur í hans stað« komi: má eftir atvikum veita *ekkj*u hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Fyrir tillögum nefndarinnar um 1. og 2. gr. þarf væntanlega ekki önnur meðmæli en bendingu til þess, hvað landssjóður leggur til ýmsra annara sjóða, svo sem til ellistyrktarsjóðs, byggingarsjóðs, samábyrgðarinnar o. fl., og til þess,

hversu stjórn sumra sjóða er hátað, t. d. vátryggingarsjóðs sjómanna. Fyrir þeim sjóði stendur þriggja manna stjórn, en í henni er að eins einn maður stjórnkjörinn, hinir kvaddir til af fjelögum gjaldskyldra manna.

Og með 3. gr. ætti heldur ekki að þurfa að mæla langt mál, síst svo orðaðri sem hjer er farið fram á. Því hefir raunar verið barið við, að með því móti yrði sjóðurinn nokkurs konar eftirlaunasjóður. En það er hvorttveggja, að það ætti ekki að vera hræðsluefni, þó að stigið væri stutt spor í þá átt, fyrir jafn-nytsama stjett og alþýðukennarastjettin er. Heldur þvert á móti. Annað hitt, að hjer er als ekki um eftirlaun að ræða. Til eftirlauna væri því að eins stofnað, að sjóðurinn væri *skyldur* að annást ekkju kennarans eða börn. En hjer er ekki því að heilsa. Hjer er að eins farið fram á að *veita megi* ekkju kennara eða barnómögum þann styrk, sem kennarinn sjálfur kynni að hafa borið úr býtum, hefði hann lifað. Minna en *von* um lítilfjörlegan styrk til handa þurfandi ekkju eða börnum getur ekki með nokkurri sanngírni komið í móti *lögboðnu nauðungargjaldi* illa launaðs almenningsþjóns, er hann kann að hafa greitt um langt árabíl og efalaust oftast hefir fundið eigi alllitið til.

Neðri deild Alþingis, 31. júlí 1912.

Valtýr Guðmundsson,
formaður.

Lárus H. Bjarnason,
skrifari og framsögum.

Jón Magnússon,
með fyrirvara.